

Nr. 151/ 10 Guðrún BA 127**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2085
Smíðaður: Noregi 1990 plast
Stærð: 6 brl. 9,4 bt.
Mesta lengd: 10,54 m Skráð lengd: 9,54 m
Breidd: 3,35 m Dýpt: 2,09 m
Vél: Deutz 148 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 2



Guðrún©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. nóvember 2010 var Guðrún BA 127 á siglingu skammt sunnan Bjargtanga. Veður: NV 3-4 m/sek

Þegar komið var fyrir Bjarg á siglingunni frá Tálknafirði fór skipstjórinn niður í vélarúm til eftirlits og sá að brennsluolía sprautaðist undir þrýstingi úr samsetningu við vélina. Hann stöðvaði strax vélina og kom í ljós að annar olútankurinn var tómur og vélarrúmið allt í olúbaði. Hann óttaðist að eldur kæmi upp ef vélin væri ræst að nýju og óskaði því eftir aðstoð. Nærstatt varðskip dró bátinn inn í Rifshöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að formaður sagðist hafa verið að ferja bátinn á milli hafna og því hafi hann ekki þekkt vélarúmið sem skyldi. Hann sagði að það hafi ekkert bent til olúlekans hvorki í gangtruflunum eða með öðrum hætti. Eftir athugun á olúmagni því sem eftir var í bátnum taldi hann að sprautast hafi um 250 lítrar af olú út í vélarrúmið og yfir vélina;
- að viðgerðarmaður sem kom að viðgerðinni sagði að álpétthringur, sem þetta átti samsetningu á aðstreymisröri olúverks, hafi verið mikið tærður. Þegar hann hafi fjarlægt hringinn hafi hann molnað niður nánast í duft;
- að lögnin var úr vírfléttuðum barka og samsetningin „banjo-samsetning“ sem er úr stáli en olúverkshúsið er úr járni. Viðgerðarmaðurinn sagðist aldrei nota svona álhringi við þessar samsetningar heldur eirhringi.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var óheppilegt efnisval á þéttihring.